

fjarðar hér í bæ 7/10 1965, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls, er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 30.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 7/10 1965 til greiðsludags, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Ólafur Jónsson hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Þar sem stefna, að því er varðar Ólaf Jónsson, hefur ekki verið birt með löglegum hætti, verður að vísa málinu frá, að því er hann varðar.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms í málinu.

Benedikt Sveinsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi, að því er varðar kröfur á Ólaf Jónsson.

Málskostnaður bíður endanlegs dóms í málinu.

Mánudaginn 23. maí 1966.

Nr. 165/1963. **Elías Guðmundsson** (Barði Friðriksson hdl.)
gegn

Íslenzkum Aðalverktökum s/f

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum

kr. 185.011.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1959 til 29. ágúst 1961 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. marz 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Elías Guðmundsson, Heiðarbraut 10, Akranesi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 29. ágúst 1961, gegn Íslenzkum Aðalverktökum s/f til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 185.011.00 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1959 til stefnudags og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Á tímabilinu 11. maí til 27. júní 1959 hafði stefndi á leigu skipið Ferjuna II, eign Akraneskaupstaðar. Skip þetta er stálskip, 251 brúttórumlest að stærð, rúml. 47½ m á lengd, tæpl. 9½ m á breidd og dýpt þess talin vera 1.95 m. Ferjan II er flatbotnaður prammi, nánast ein opin lest fyrir framan yfirbyggingu, og þiljur eru engar nema mjóir gangvegir til beggja hliða við lestina. Framan til á skipinu eru þiljur þessar nokkru hærri, og skilur þar lág brún á milli þeirra og lestarinnar. Eru þiljurnar mjóst-

ar fremst við stefni skipsins. Framhlið Ferjunnar II er útbúin sem hleri, og leikur neðri brún hennar á hjörum. Er því unnt að opna inn í lest skipsins með því að slaka framhliðinni niður og út. Er sá útbúnaður þannig, að bakborðs- og stjórnborðsmegin eru festir vírar efst í framhliðina, og liggja þeir síðan í gegnum hjól á stefni skipsins og síðan áfram nokkra metra aftur eftir áður-nefndum þiljum skipsins og niður í spil undir þiljunum. Er spil þetta og vírarnir notað til að slaka niður framhliðinni og hífa hana upp.

Stefnandi var skipstjóri á skipinu og kveðst hafa tekið við skipstjórn á því um 20. apríl 1950. Stefndi notaði skipið á áðurgreindu tímabili til flutnings frá Aðalvík og Snæfellsnesi suður til Njarðvíkur, og voru einkum fluttar ýmsar þungavinnuvélar. Hinn 16. maí 1959 var Ferjan II stödd á Aðalvík og tók þar farm. Notaður var krani við útskipunina, og var honum komið fyrir framarlega í lest skipsins. Verið var að skipa út stórrí járnplötu, og raks járnplatan í vír þann bakborðsmegin, sem notaður er til að slaka niður framhlið skipsins. Kom hreyfing á vírinn, en við það steyptist stefnandi, sem staddur var fremst á þiljunum við stefni skipsins, niður í lestina. Stefnandi kom standandi niður, en hlaut þau meiðsli á hægri fót, að hælbeinið brotnaði, og liðbönd slitnuðu um öklann.

Stefnandi skýrir svo nánar frá atvikum að slysinu, að í umrætt skipti hafi verið skipað þannig út, að vörurnar hafi verið hífðar upp og síðan hafi krananum verið snúið sólarinnis og vörurnar verið hífðar þannig inn fyrir borðstokkinn stjórnborðsmegin og þeim síðan slakað niður í lestina. Hann skýrir svo frá, að komið hafi verið með umrædda járnplötu á bíl að ferjunni. Hann kveðst halda, að plata þessi hafi verið ca. 2 m á breidd og ca. 3 m á lengd, en þykktin verið 4—6 mm. Hann kveðst sjálfur hafa staðið fremst bakborðsmegin við hjól, er sé notað til að festa klemmu, er aftur sé notuð til að festa framhliðina. Hann kveðst hafa staðið lestarmegin við vír þann, sem áður er frá greint, en vírinn hafi ekki verið strengdur, heldur nokkur slaki verið á honum, en framhliðin hafi í umrætt skipti verið opin. Hann kveðst hafa hallað sér upp að vírnum, sem hafi náð sér í mitt læri. Stefnandi skýrir svo frá, að er platan hafi verið hífð að bílnum, hafi hún slegizt í áðurnefndan vír, sem er bakborðsmegin, og í þann hluta vírsins, sem liggur frá prammahleranum, en hann lá niðri, svo sem áður er frá skýrt, og upp í hjól á stefni skipsins. Við höggið hafi snögglega strekkzt á vírnum fyrir

aftan hjólið á stefninu, og kveðst stefnandi þá hafa orðið fyrir höggi af vírnum og steypzt við það niður í lestina. Stefnandi segir, að platan hafi verið hífð lárétt og hafi verið töluverður snúningur á henni, er hún losnaði frá bílnum, en engin bönd hafi verið á henni til að hindra hreyfingar á henni. Hann kveðst ekki vita til, að neitt hafi legið ofan á plötunni í umrætt skipti, er slysið varð. Hann segir enn fremur, að engin hreyfing hafi verið á skipinu í umrætt sinn, en það hafi verið að því komið að fljóta.

Eigi kveðst stefnandi hafa fylgzt með járnplötunni, er slysið varð, enda hafi hann verið bakborðsmegin, en vörurnar verið teknar inn stjórnborðsmegin, og eigi vitað fyrr til en hann fékk höggið af vírnum. Hann kveðst hafa verið að fylgjast með fermingu skipsins, er slysið varð, en hann hafi ekki stjórnað útskipuninni, heldur Viggó Norðquist, verkstjóri hjá stefnda.

Vitnið Halldór Þorvaldsson kranastjóri kveðst hafa unnið með krananum við uppskipun á járnplötunni, sem högginu olli. Vitnið kveðst ekki hafa séð, hvernig slysið vildi til og hafi það fyrst fengið vitneskju um slysið, er það hafi séð stefnanda koma fljúgandi í loftinu og hendast ofan í lest. Vitnið skýrir svo frá, að bíllinn, sem járnplatan var tekin af, hafi ekki komizt það nálægt krananum, að hægt hafi verið að hífa beint upp. Hafi verið slegið á miðja plötuna og um leið og híft hafi verið, hafi komið sveifla á plötuna og hún lent á vírnum. Ekki kveðst vitnið muna, hve mikill halli hafi verið á bómu kranans, er slysið vildi til. Vitnið kveðst ekki hafa vitað af stefnanda þar, sem hann stóð, en telur það ekki hafa verið óvarlegt af honum. Vitnið telur, að ekki hafi verið híft óvenjuhratt, er slysið vildi til, og allir, sem verkið unnu, hafi reynt að fara sem gætilegast.

Þegar eftir slysið var stefnanda ekið upp á Straumnesfjall á fund herlæknis, sem þar var starfandi við radarstöðina. Hugði læknirinn meiðslin vera tognun, setti fótinn í teygjubindi og ráðlagði bakstra. Stefnandi fór síðan um borð aftur og tók við stjórn skipsins, sem síðan sigldi fyrst til Ísafjarðar og þá til Rifshafnar og Njarðvíkur. Kveðst stefnandi hafa leitað læknis á Ísafirði og Ólafsvík og fengið þar bakstra, en eigi aðra lækningu. Er til Njarðvíkur kom, fór stefnandi í land og síðan með bíl til Reykjavíkur og þaðan með Akraborg til Akraness. Samkvæmt vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 10/9 1960, kom stefnandi til rannsóknar á Akranesspítala 4—5 dögum eftir slysið, og kom þá í ljós, að stefnandi hafði hlotið slæmt brot á hælbeini hægri fótar. Segir enn fremur í vottorði læknisins, að stefnandi hafi

verið settur í gipsspelku og síðan legið rúmfastur um 6 vikna skeið, en verið frá vinnu í 8 vikur.

Hinn 30. október 1960 var örorka stefnanda metin af Páli Sigurðssyni lækni. Var stefnanda metin 100% örorka í 2 mánuði, 50% örorka í 4 mánuði, 25% örorka í 6 mánuði og varanleg örorka 10%. Hinn 7. júní 1961 reiknaði K. G. Guðmundsson, cand. act., út áætlað atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins á grundvelli framangreinds öorkumats. Á grundvelli vinnutekna stefnanda nokkur síðustu árin fyrir slysið reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti tapaðra vinnutekna nemi á slysdegi kr. 136.688.00, þar af kr. 37.007.00 vegna tímabundinnar örorku. Leggur stefnandi fjárhæðir þessar til grundvallar 4. lið kröfu sinnar.

Stefnandi byggir skaðabótakröfur sínar á því, að hættulegri aðferð hafi verið beitt við útskipunina. Telur stefnandi, að bæði verkstjóri stefnda og sá, er hafði stjórn kranans með höndum, eigi sök á slysinu. Þá telur stefnandi, að útskipunin hljóti að falla undir hættulegan atvinnurekstur og beri stefndi skaðabótaábyrgð vegna slyssins eftir reglum þeim, sem gilda um ábyrgð atvinnurekanda á hættulegum atvinnurekstri.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1. Far frá Keflavík til Akraness	kr.	460.00
2. Læknishjálp og röntgenmyndir, örorkuvottorð og örorkuútreikningur m. m.	—	2.863.00
3. Fæðiskostnaður og hjúkrun 22/5—11/7 1959, 50 dagar, 100/—	—	5.000.00
4. Atvinnutjón og örorka	—	136.688.00
5. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi	—	40.000.00

Kemur þá fram fjárhæð sú, sem krafizt er kr. 185.011.00

Stefndi byggir sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á því, að slysið verði hvorki rakið til mistaka starfsmanna stefnda né óforsvaranlegs frágangs á vinnustað. Verði að telja slysið óhappatilviljun, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Þá sé ekki hægt að flokka vinnu þá, sem hér um ræðir, undir hættulegan atvinnurekstur. Varakröfu sína reisir stefndi á því, að ef slysið teljist ekki óhappatilviljun, þá hljóti sök eða meginhluti sakar að vera hjá stefnanda sjálfum, þar sem hann hafi að ófyrirsynju staðsett sig á mjög varhugaverðan stað og þar sem stefnanda sem skipstjóra

hafi átt að vera manna ljósast, að umræddur vír gæti hreyfzt, þegar verið væri að vinna með stór stykki fast við og allt í kringum vírinn.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að slysið hafi borið að með þeim hætti, að stefnandi hafi verið staddur fremst á þiljunum fram undir stefni skipsins og hallað sér upp að eða haft annan stuðning af vír þeim, sem rætt hefur verið um hér að framan. Síðan hafi járnplatan slegizt í þann hluta vírsins, sem liggur frá framhliðinni (en hún var niðri) og upp í hjólið á stefni skipsins, en við það komið hreyfing einnig á þann hluta vírsins, sem stefnandi stóð við, og hann þá steypzt niður í lest skipsins.

Samkvæmt framburði stjórnanda kranans, sem notaður var við útskipunina í umrætt skipti, mun bifreið sú, sem flutti járnplötuna, ekki hafa verið það nærri krananum, að plötunni yrði lyft lóðrétt upp og því komið einhver sveifla á plötuna og hún þá rekizt í vírinn. Verður þessi frásaga stjórnanda kranans lögð til grundvallar í máli þessu, enda hefur hún eigi verið vefengd.

Eigi verður fallizt á þá skoðun stefnanda, að útskipun almennt eða útskipun við þær aðstæður, sem hér um ræðir, verði talin hættulegur atvinnurekstur. Verður fébótaábyrgð vegna umrædds slyss því eigi lögð á stefnanda vegna slíkrar áhættu. Þá er dómurinn þeirrar skoðunar, að eigi hafi verið óvarlegt að koma krananum fyrir inni í lest skipsins og ferma það síðan með þeim hætti, sem á var hafður.

Eins og áður segir, telur dómurinn nægilega fram komið, að sveifla hafi komið á plötuna, er henni var lyft af bifreiðinni og platan þá rekizt í vírinn. Dómurinn lítur í því sambandi svo á, að eins og aðstæðum var háttað við útskipunina, verði framangreind sveifla eigi metin stjórnanda kranans til vangæzlu. Verður að telja, að hann hafi hvorki ætlað né mátt ætla, að slys mundi af því leiða, þótt platan kæmi við vírinn, sérstaklega þegar þess er gætt, að eigi hefur komið neitt fram, er bent geti til þess, að hann hafi vitað eða mátt vita af stefnanda þar, sem hann stóð, þegar slysið varð. Verður heldur eigi talið, að af hendi annarra þeirra manna, sem stefndi bar ábyrgð á, hafi eigi verið gætt nægilegs öryggis, er plötunni var lyft með krananum, og ber þar sérstaklega að hafa í huga, að það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að erfitt hafi verið að tryggja, að eigi kæmu einhverjar sveiflur á plötuna, um leið og henni var lyft af bifreiðinni, og að ósennilegt var, eins og öllum aðstæðum var hátt að í umrætt sinn, að slys mundi af henni leiða. Hefur eigi verið

leitt í ljós, að aðbúnaði á vinnustað hafi að neinu öðru leyti verið áfátt frá hendi stefnda.

Samkvæmt framangreindu verður slysið hvorki rakið til vanbúnaðar á vinnustað né til mistaka af hálfu manna þeirra, sem stefndi ber ábyrgð á, enda verður í því sambandi að líta á, að stefnandi fór ógætilega með því að fara fremst fram á þiljur skipsins, þar sem þær eru mjóstar, en aðeins lág brún á milli þeirra og opinnar lestarinnar, og án þess að hafa annan stuðning en af framangreindum vír. Verður heldur eigi séð, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að vera á stað þessum til að fylgjast með lestun skipsins, og hefur honum verið í lófa lagið að vera þar, sem hætta var minni, t. d. aftar á þiljum skipsins. Þar sem slysið verður eigi heldur rakið til annarrar áhættu, sem stefndi lögum samkvæmt ber ábyrgð á, ber að sýkna hann af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Jóni Sigurðssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Guðmundssonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 1. júní 1966.

Nr. 11/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Svani Jónssyni

(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 28. febrúar 1966 voru í sakadómi Reykjavíkur dómkvaddir þeir Karl Magnússon og Sigurður Þórarinnsson skipstjórar til að segja álit sitt um, „hvort möguleiki sé á því,